

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda vegna skattaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár en almaksárið í skattskilum.

1. gr.

Álagningu skattstjóra á lögaðila sem fengið hefur heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið innan 10 mánaða frá lokum þess reikningsárs sem hófst á árinu 2003 eða síðar og lýkur á árinu 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 15. apríl 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Thorlacius.